

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 9-2015

Tími: Föstudagur 30. október 2015, kl. 14:00, Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor sem ritaði fundargerð, Guðni Þorvaldsson, Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson og Þórdís Þórarinsdóttir (á Hvanneyri í fjarfundarbúnaði). Helena Guttormsdóttir boðaði forföll. Sigríður Hallgrímsdóttir var fjarverandi. Ritari háskólaráðs Áslaug Helgadóttir var upptekin í kennslu.

### 1. Síðasta fundargerð

Samþykkt

### 2. Eftirfylgniskýrsla ríkisendurskoðunar (fylgiskjal sent með fundarboði)

Athygli ráðsmanna var vakin á skýrslu ríkisendurskoðunar um Lbhí *Eftirfylgni: Fjármálastjórnum Landbúnaðarháskóla Íslands, október 2015*. Rektor rakti sérstaklega atriði í kafla skýrslunnar *Viðbrögð Landbúnaðarháskóla Íslands* bls. 7 og 8.

### 3. Fjárhagsáætlun 2016 og staða fjárhags (fylgiskjal sent með fundarboði)

Kynnt var vinna við fjárhagsáætlun 2016 og drög sem send voru mennta- og menningarmálaráðuneytinu þann 23. október s.l. Rektor gerði grein fyrir áætluðum 45. m.kr. halla í áætlun sem byggir á framkomnu frumvarpi til fjárlaga og miðað við óbreytt umsvif stofnunar. Ennfremur voru kynnt erindi sem eru í gangi varðandi fjármögnun reksturs menningarminja á Hvanneyri (forsætisráðuneytið), sérverkefni vegna bindibókhalds v. loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (umhverfisráðuneytið) og samnings við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2013-2016. Ef ekkert af þessum erindum nær hljómgrunni er ljóst að nauðsynlegt er að skipuleggja frekari niðurskurð í starfsemi skólans þar sem greiðsla ANR á aukafjárlögum fyrir yfirstandandi ár upp á 55 m.kr. var einskiptisgreiðsla og því ekki í hendi að nýju við næstu fjárlagagerð. Gert var að umtalsefn endurgreiðslur á skuld skólans við ríkissjóð og hugsanlega vanbætta þætti í fjármögnun skólans vegna t.d. launahækkana sem mætti draga frá endurgreiðslukröfu ríkissjóðs.

### 4. Staða samnings Lbhí við mennta- og menningarmálaráðuneytið

Rektor greindi frá samráðsfundi með mennta- og menningarmálaráðuneyti um samning um kennslu og rannsóknir Lbhí 2012-2016. Sérstaklega var var tekin til umræðu kafli 2.1. í samningnum sem varðar ákvæði um að sérstakt samkomulag skuli gera við skólann um starfsmenntanám á framhaldsstigi og lokið fyrir árslok 2012. Þessi ákvæði hafa lent í undandrætti og ekki komist til framkvæmda enn. Fulltrúar ráðuneytisins hafa bent á að á með samningi um starfsmenntanámið eiga að koma inn kostunarliðir með viðeigandi fjárveitingum í samræmi við reiknireglur um framlög til framhaldsskólanáms sem krefst mikillar verkkennsluaðstöðu, sem nú reiknast á 1507 þ. ársneminn. Rifjaðar voru upp skuldbindingar skóla gangvart nemendum þegar umsóknir eru samþykktar og nemendur innritaðir. Fjárhagslegt bolmagn og mat á getu skóla til að taka við nemendum inn á tiltekna braut þarf að liggja fyrir áður en umsóknir eru samþykktar og nemendur innritaðir.

### 5. Sérálit Lbhí vegna lokaálits meirihluta nefndar um málefni háskóla í NV kjördæmi (fylgiskjöl)

Fyrir fundinn var lagt fyrir meirihlutaálit nefndar um málefni háskóla í NV kjördæmi: „*Skýrsla starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólann á Bifröst. Formlegt samstarf, efling samstarfsnets háskóla og viðurkenning á sérstöðu lítilla háskóla.*” Og skjalið „Sérálit Landbúnaðarháskóla Íslands“ Ítarlegar umræður fóru fram um ýmis atriði í meirihlutaáli og séráli. Sérálit var samþykkt til framlagningar til nefndar og ráðherra. Ennfremur var rætt um hugsanlega sameiginlega fréttatilkynningu með Hólaskóla og voru drög rektors að slíkri tilkynningu samþykkt.

#### *6. Næsti fundur*

**Fimmtudaginn 26. nóvember, kl. 14-16 á Keldnaholti**

Föstudaginn 18. desember, kl. 14-16 á Keldnaholti

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10.